

Komið þið sæl.

Mig langar til að vekja athygli á máli sem olli rökræðum í þeirri yfirkjörstjórn sem undirritaður sat í fyrir síðustu Alþingiskosningar og hefur blundað í mér síðan.

Þetta snýr að því þegar kjósandi í NA kjördæmi tók með sér annan einstakling inn í kjörklefa. Skapaði þetta nokkra umræðu og voru ekki allir á eitt sáttir.

Þau rök komu fram að í 81. gr. Stæði "...þar sem kjósandinn má einn vera." En áhersla var lögð á "má".

Nú má öllum ljóst vera af hverju kjósendur skulu að vera einir í kjörklefa, nema í þeim undantekningartilvikum sem falla undir 86. gr.

Þar sem þarna voru lögfróðir einstaklingar að rökræða um nokkuð augljóst mál þá langaði mig til að benda á þetta, að því er virðist, túlkunar-atriði og koma með þá tillögu að orðalagi verði breytt á þann hátt að meining sé óumdeild. Til dæmis "...þar sem kjósandinn skal einn vera."

Með kveðju
Gunnar Torfi Benediktsson

Sent frá [Póstur](#) fyrir Windows 10